

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 19 - 93. fundur Afgreiðslna byggingarfulltrúa
haldinn að Laugarvatni, 23. janúar 2019
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson, Rúnar Guðmundsson, Stefán Short, Lilja Ómarsdóttir,
Sigurður Hreinsson og Guðmundur G. Þórisson.

Fundargerð ritaði: Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Hrunamannahreppur - Almenn mál

1. Suðurbrún 12A; Umsókn um byggingarleyfi; Aðstöðuhús - 1901001

Fyrir liggur umsókn Land og Sona sf. dags. 19.12.2018 móttokin 21.12.2018 um byggingarleyfi til að byggja aðstöðuhús 33 m² á jörðinni Suðurbrún 12A í Hrunamannahreppi.

Málinu er frestað þar til skráningu eignarhalds inn í Þjóðskrá Íslands er lokið. Auk þess er óskað eftir frekari upplýsingum og gæðavottunum um byggingu.

2. Suðurbrún 12A (L167042); Stöðuleyfi; Aðstöðuhús - færánlegt - 1812044

Fyrir liggur umsókn Land og sona sf. dags. 19.12.2018 móttokin sama dag um stöðuleyfi fyrir færánlegt aðstöðuhús 33 m² á lóðinni Suðurbrún 12A (L167042) í Hrunamannahreppi

Umsókn um stöðuleyfi er synjað. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir öllum nýjum mannvirkjum.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

3. Hestur lóð 45 8L168554): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1809023

Móttekin er umsókn Ara Konráðssonar dags. 27.08.2018 móttekin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 130 m² á lóðinni Hesti lóð 45 (L168554) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

4. Hestur lóð 50 (L168559): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1808055

Móttekin er umsókn Glóru ehf. dags. 15.08.2018 móttekin 22.08.2018 um byggingarleyfi til að byggja innflutt timbureiningahús 139,7 m² á staðsteyptum undirstöðum á sumarhúsalóðinni Hestur lóð 50 (L168559) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum

skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

5. Kiðjaberg lóð 18 (L168949); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging og bílskúr - 1808027

Fyrir liggur ný umsókn Gunnars Þorlákssonar dags. 10.01.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja við sumarhús 17,7 m² og byggja bílgeymslu 40 m² á sumarhúsalóðinni Kiðjabergi lóð 18 (L168949) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi eftir stækkun verður 174,8 m².

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

6. Kiðjaberg lóð 69 (L209053): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1809018

Fyrir liggur umsókn Sófusar Berthelssen dags. 05.09.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með svefnlofti að hluta 93,9m² á sumarhúsalóðinni Kiðjaberg lóð 69 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

7. Bjarkarbraut 5 (L169155); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging og geymsla - 1809066

Lögð er fram umsókn Hallborgu Arnarsdóttur og Arnar Wilhelms Zebitz dags. 26.09.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi á stækkun á sumarhúsi og byggja geymslu á lóðinni Bjarkarbraut 5 (L169155) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi með geymslu er 102,5m²

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

8. Kiðhólsbraut 20 (L170077); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - viðbygging og gestahús - 1901015

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 07.01.2019 móttækin 08.01.2019 frá löggildum hönnuði Hauki Ásgeirssyni til að byggja við sumarhús 19,2 m² og og byggja gestahús 25 m² á sumarhúsalóðinni Kiðhólsbraut 20 (L170077) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þinglýstur eigandi er Ásdís Pálsdóttir.

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

9. Hólsbraut 16 (L208946); Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús með bílgeymslu - 1901049

Fyrir liggur umsókn Páls Tryggvasonar dags. 21.01.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús með bílgeymslu 181,2 m² á íbúðarhúsalóðinni Hólsbraut 16 (L208946) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

10. Skeiðháholt 3 lóð; Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús - 1901024

Fyrir liggur umsókn Krístínar Skaftadóttur dags. 08.01.2019 móttækin 10.01.2018 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús með risi 123,5 m² á íbúðarhúsalóðinni Skeiðháholt 3a (L187518) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

11. Reykjahlíð spilda 5 (L216354); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1901045

Fyrir liggur umsókn Braga Vilhjálmssonar og Stefaníu Guðrúnar Sæmundsdóttur dags. 16.01.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 122,9 m² á Reykjahlíð spilda 5 (L216354) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

Bláskógabyggð - Almenn mál

12. Fellsendi land (L222604); Stöðuleyfi; Gámur - 1901038

Fyrir liggur umsókn Hundasleðaferða ehf. dags. 23.11.2018 móttækin 14.01.2019 um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám á lóðinni Fellsendi land (L222604) í Bláskógabyggð.

Umsókn um stöðuleyfi er synjað.

13. Heimreið að Miðfelli (L170736); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810026

Þann 13.06.2018 var samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa niðurrif á sumarhúsi mhl 01 38,9 m² byggingarár 1984 á sumarhúsalóðinni Heimreið að Miðfelli (L170736) í Bláskógabyggð, erindi 1806040.

Nú er lögð fram ný umsókn Jóns Sigurðssonar og Jónínu Thorarensen dags. 09.10.2018 móttækin 10.10.2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 70m² á sömu sumarhúsalóð.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

14. Skútubraut 1 (L167556); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - breyting á tengibyggingu - 1901013

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 06.01.2019 móttækin 07.01.2019 frá löggildum hönnuði Inga Gunnari Þórðarsyni til stendur að breyta tengibyggingu á milli sumarhúss og gestahúss og stækka um 9,8 m² á mhl 01 á sumarhúsalóðinni Skútubraut 1 (L167556) í Bláskógabyggð. Þinglýstur eigandi er starfsmannafélag reykjavíkurborgar.

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

15. Hvannalundur 8 (L170445); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging - 1901004

Fyrir liggur umsókn Dórótheu Jónsdóttur og Péturs Rúnars Haukssonar dags. 03.01.2019 móttækin sama dag um endurnýjun á áður samþykktu byggingarleyfi vegna stækkunar á sumarhúsi um 12,7 m² á lóðinni Hvannalundur 8 (L170445) í Bláskógabyggð. Heildarstærð eftir stækkun verður 61 m².

*Umsókn um byggingarleyfi er samþykkt. Umsóknin uppfyllir ákvæði laga nr. 160/2010, og er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins.
Byggingarleyfi er gefið út að uppfylltum skilyrðum er fram koma í gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð.*

16. Heiðarbær lóð (L170249); Umsókn um niðurrif; Sumarhús - 1901048

Fyrir liggur umsókn frá Stay ehf. dags. 21.01.2019 móttokin sama dag um niðurrif á sumarhúsi mhl 01, byggingarár 1962, 60,1 m², geymsla mhl 02, byggingarár 1962, 3,9 m² og geymsla mhl 03, byggingarár 1962, 3,8 m² sumarhúsalóðinni Heiðarbær lóð (L170249) í Bláskógabyggð.

Samþykkt.

Flóahreppur - Almenn mál

17. Rimar 5 (L212348); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1901043

Fyrir liggur umsókn Axels Þorsteinssonar og Guðlaugu H. Hilmarsdóttur dags. 18.01.2019 móttokin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhuguðu íbúðarhúsi á íbúðarhúsalóðinni Rimar 5 (L 212348) í Flóahreppi.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta.

18. Árheimar 4 (L227371); Umsókn um byggingarleyfi, gestahús - 1901041

Fyrir liggur umsókn Ingjald Aam móttokin 16.01.2019 um byggingarleyfi, leyfi til að flytja 59,2 m² gestahús á lóðina Árheimar 4 (L227371) í Flóahreppi.

Frestað, óskað er eftir að gert verði ástandsmat á húsið.

19. Fljótshólar I land (L212336); Umsókn um byggingarleyfi, gestahús - 1901039

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Þormóðsdóttur dags. 16.01.2019 móttokin sama dag um byggingarleyfi, leyfi til að flytja 59,2 m² gestahús á lóðina Fljótshólar I land (L212336) í Flóahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu. Jafnframt er óskað eftir að gert verði ástandsmat á húsið.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Umsagnir og vísanir

20. Klettar (L166589); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1901059

Mótttekinn var tölvupóstur þann 18.01.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gististaður án veitinga, íbúðir (F) frá Ásgeiri Eiríkssyni ehf. á jörðinni Klettar (F2202535) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II flokkur. Gestafjöldi allt að 8 manns.

Bláskógabyggð - Umsagnir og vísanir

21. Bjarkarbraut 2: Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1706090

Mótttekinn var tölvupóstur þann 28.06.2017 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar

sem óskað er eftir umsögn um nýtt rekstrarleyfi í fl. II, gististaður - stærra gistiheimili (B) frá Efstidalur II ehf. á íbúðarhúsalóðinni Bjarkarbraut 2 (F2360087) í Bláskógabyggð.

Byggingarfulltrúi veitir ekki jákvæða umsögn þar sem úrbótum hefur ekki verið sinnt.

22. Bjarkarbraut 6 (L191091); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1901018

Móttækinn var tölvupóstur þann 08.01.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gististaður án veitinga, minna gistiheimili (C) frá Hartmanni Ásgrími Halldórssyni á íbúðarhúsalóðinni Bjarkarbraut 6 (F2274874) í Bláskógabyggð.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Bjarkarbraut 6 L191091 á þeim grundvelli að leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi skipulags.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Davíð Sigurðsson

Rúnar Guðmundsson

Stefán Short

Lilja Ómarsdóttir

Sigurður Hreinsson